



Upplýsingagjöf

Foreldrar eru hvattir til að lesa vel allar auglýsingar sem hanga uppi á deildum og fylgjast þannig með því sem er að gerast á deildinni og í skólanum.

Hver deild setur auglýsingar eða tilkynningar ýmist á töflu í fataklefa eða á útihurð deildar. Eins er mikilvægt að fylgjast með tilkynningum sem sendar eru í tölvupósti og í Völu.





Áherslur fyrir fjöltyngd börn

Fjöltyngd börn eru börn sem búa við fleiri en eitt tungumál. Kennarar leggja áherslu á að efla tjáningu þeirra, skilning og orðaforða.

Foreldrum og barninu er boðið á fund í byrjun vistunar ásamt túlki, verkefnastjóra fjöltyngdra barna og deildarstjóra. Þar er farið yfir helstu áherslur í skólanum. Börnin fá orðabók með myndum og táknum sem auðveldar þeim að tjá sig fyrstu dagana í leikskólanum.

Við leggjum inn fleiri orð í bókina fyrstu vikunnar og þau fá tíma til að æfa og læra orðin. Við aðstoðum barnið við að ná félagslegum tengslum við hin börnin og hvetjum þau til að leika og læra þannig íslenskuna. Við notum aðferðina **Gefðu 10** til að hjálpa þeim að tengjast kennurum og kennarar leggja áherslu á að tala við þau með opnum spurningum. Notast er við **hæfniramma í íslensku** fyrir fjöltyngd börn ásamt **TRAS** og **EFI2** til að fylgjast með framförum.





Veikindi barna

Í öllum tilfellum er gert ráð fyrir því að veik börn séu heima. Mikilvægt er að láta vita ef að barnið verður fjarverandi, fyrir klukkan 10:00, á hverjum degi með því að hringja í skólann eða skrá barnið veikt í Völunni.

Miðað er við að þau börn sem koma í leikskólann geti tekið þátt í öllu daglegu starfi leikskólans, bæði úti og inni. Veikist barn í leikskólanum er hringt í foreldra þeirra og þau beðin um að sækja barnið eins fljótt og kostur er.





Lyfjagjöf á leikskólatíma

Leikskólinn sér ekki um að gefa lyf sem börnin fá til þess að taka í takmarkaðan tíma. Öll lyf sem barn þarf að taka að staðaldri svo sem astmalyf eða flogaveikilyf eru þó gefin í leikskóla sé þess óskað.





Slys og öryggi

Ef slys verður í skólanum t.d. barn dettur og meiðir sig eru foreldrar látnir vita. Starfsfólk hlúir að barninu og í flestum tilfellum er það nóg. Meiðsli geta verið þannig að t.d. sé um skurð að ræða sem þurfi mögulega að sauma. Aðstandendur eru þá beðnir að koma og taka ákvörðun um frekari aðgerðir. Stundum þarf að kalla til sjúkrabíl og þá kemur lögreglan alltaf með. Slysið er síðan skráð í þar til gerða slysaskráningu sem aðstandendur geta leitað í seinna meir ef upp koma eftirköst af slysinu.

Öll börn eiga að vera í bílstól sem hæfir þeirra aldri og þyngt.

Séu börn á hjóli hvort sem þau eru farþegar eða að hjóla sjálf eiga þau að vera með hjálm.

Hér eru tenglar á reglur og lög um umferðaöryggi.

[Á Íslandi eru reglur um öryggi barna bæði í bíl og á hjóli.](#)

[Öryggi barna í bíl](#)

[Umferðaöryggi leikskólabarna](#)

[Umferðalög - hjólreiðar](#)





Foreldrafélag og foreldraráð

Við skólann er starfandi foreldrafélag. Allir foreldrar sem eiga börn í leikskólanum eru aðilar að félaginu. Árgjald er 6000 kr. Kosið er í stjórn félagsins á aðalfundi að hausti þar sem foreldrum stendur til boða að mæta og bjóða sig fram. Stjórn foreldrafélagsins skipuleggur viðburði og starf til hliðar við leikskólastarfið.

Við skólann er einnig starfandi foreldraráð og starfar það samkvæmt lögum. Í því sitja að jafnaði þrír foreldrar auk leikskólastjóra. Foreldrar geta boðið sig fram til þess að vera í foreldraráði. Ráðið gefur umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráðið hefur einnig umsagnarrétt varðandi meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.





Haustkynning deilda

Á haustin er foreldrum boðið á kynningu á deild barnsins þeirra þar sem helstu áherslur vetrarstarfs skólans og deildar eru kynntar. Einnig er farið yfir mikilvæg atriði tengd skólanum og deildinni. Hér gefst foreldrum einnig tækifæri til þess að hitta aðra foreldra ásamt því að ræða við starfsmenn deildarinnar. Haustkynningin er haldin eftir að formlegri aðlögun líkur og er hún auglýst nánar í fataklefa viðkomandi deildar og í Völu.

Á haustfundinum er auglýst eftir foreldrum í stjórn foreldrafélagsins og í foreldraráð skólans.





Foreldraviðtöl og teymisfundir

Foreldraviðtöl eru að jafnaði tvisvar á ári. Fyrsta viðtalið er á haustin þar sem farið er yfir hvernig gengur eftir aðlögun í skólann eða á nýja deild. Síðara viðtalið er í mars - maí, það er ítarlegra viðtal þar sem farið er yfir námslega framvindu barnsins ásamt því að ræða almenna líðan þess. Í foreldraviðtölum er deildarstjóri og foreldrar viðkomandi barns.

Foreldrar barna sem njóta sérkennslu eru í teymi í skólanum sem hittist á 6 – 8 vikna fresti þar sem farið er yfir einstaklingsáætlanir og áframhaldandi vinna skipulögð í samráði við teymið. Í sérkennsluteymi barns eru foreldrar, deildarstjóri viðkomandi deildar, stuðningsaðili barns, sérkennslustjóri og aðrir sérfræðingar sem koma að málum barnsins.

Alltaf er hægt að óska eftir aukafundi ef foreldrar telja þörf á því. Hægt er að bóka slíkan fund með því að hringja, senda tölvupóst eða í gegnum Völuna.

Ef foreldrar þurfa túlk í foreldraviðtalið þá þurfa foreldrar að óska eftir því við þann sem boðar í viðtalið. Ef foreldrar óska ekki eftir því að hafa túlk þá mun viðtalið fara fram á íslensku.



Skráningar og skimanir

Í Grænuborg eru notaðar ýmsar aðferðir til bæði skráninga og skimana á námsferli barnsins. Námsferill barnsins er skráður niður á hverri deild með notkun **ferilmappa**. Tilgangur skráninga er til þess að hægt sé að fylgjast með ferli og þroska barnsins í leikskólanum með því að safna saman upplýsingum, myndum af barninu og myndum eftir barnið frá upphafi skólagöngu til útskriftar.

Fyrir foreldraviðtöl að vori fylla kennarar út lista sem gefur hugmynd af stöðu þroska og á námi barna og er niðurstöðum hans skilað í foreldraviðtalinu.

Hljóm-2 er mælitæki sem er notað með börnum á elsta ári. Hljóm-2 er skimunartæki til að athuga hljóðkerfis- og málvitund. Þetta próf er lagt fyrir öll elstu börnin í Grænuborg.

EFI-2 er skimun á málþroska hjá börnum á fjórða ári. EFI-2 gefur vísbendingu um hvernig börnum miðar áfram í málþroskaferlinu. **Íslenski máhljóðamælinn** er skimunartæki sem skólinn notar til þess að skima framburð, hljóðkerfisþætti og skiljanleika tals hjá öllum aldurshópum. Einnig er notast við **TRAS** sem skoðar málþroska ungra barna og svo er notast við **Hæfniramma í íslensku** fyrir fjöltyngd börn sem er fyrst og fremst ætlaður til þess að styðja við framfarir barna í íslensku.



Afmæli

Þegar börnin eiga afmæli stendur þeim til boða að búa sér til kórónu í tilefni dagsins. Þau fá að velja sér afmælisdisk til að borða af og sungið er fyrir þau í samveru á deildinni og á föstudegi í söngsal.

Ekki er hefð fyrir því að börnin komi með veitingar í skólann þegar þau eiga afmæli.

Við biðjum foreldra um að nota ekki leikskólann til að bjóða í afmæli, hvorki skriflega né munnlega.





Afþreying fyrir börn á íslensku

- [Krakkarúv](#)
- [Íslenskt barnaefni](#)
- [Sólon barnaefni](#)
- [Leikrit Dýrin í Hálsaskógi](#)
- [Strumparnir](#)
- [Barnalög á íslensku](#)
- Stöð 2+ - barnaefni
- Netflix - cartoons and children shows set language to Icelandic
- Disney+ - cartoons and children shows set language to Icelandic



Afþreying fyrir börn á íslensku

Leikir og smáforrit fyrir spjaldtölvur, tölvur eða síma.

- Orðagull
- Lærum og leikum með hljóðin
- MokaMeraLingua
- KrakkaRúv
- Froskaleikur
- Börn læra leikur – íslenska
- Georg og leikirnir
- Georg og klukkan
- Georg og félagar
- Sprotarnir
- Innipúkinn í umferðinni
- Polyglutt – children story's in 70 languages
- [Myndaþema](#)
- [Tal- og málörvun](#)